

Heiti áfanga: Ital1AA05

Undanfari: Enginn

Stutt lýsing:

Þar sem þetta er byrjunaráfangi, er megináhersla lögð á að nemendur tileinki sér undirstöðuatriði tungumálsins. Strax frá upphafi eru nemendur þjálfaðir í lesskilningi ásamt samskiptapáttunum tali, hlustun og ritun.

Áhersla er lögð á að kenna framburð, munnleg samskipti, uppbyggingu orðaforða og að þjálfra grunnatriði málfræðinnar. Fléttað er inn í kennsluna menningu landsins og horft er á ítalska kvikmynd u.þ.b. einu sinni í mánuði.

Nemendur læra...

- að heilsa og kveðja, spyrja og svara einföldum spurningum, til dæmis um líðan sína og annarra, búsetu og aldur.
- að kynna sjálfa sig og aðra, þau læra að tala um fjölskyldu og fjölskyldutengsl, störf, þjóðerni, lönd og tungumál.
- hvernig á að tala um tímasetningar, klukkuna og tölur, daga, mánuði og árstíðir.
- orðaforða um mat og hvað þeim líkar og ekki líkar, liti, lýsingarorð og staðsetningar.
- að lesa einfalda texta, sem innihalda algengan orðaforða, sem tengist þeim sjálfum, umhverfi og fjölskyldu.
- að skilja einföld samtöl þegar talað er hægt og skýrt um efni áfangans.
- að skrifa stutta texta um sig, fjölskyldu sína og umhverfi sitt.

Námsmat:

Skrifleg og munnleg verkefni á önninni gilda 40% af lokaeinkunn á móti 60% lokaprófi.